

Námsáætlun fyrir textílmennt - 3. bekkur
skólaárið 2023– 2024



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	<p>-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur þjálfast í að sníða eftir sniði, klippa textílefni og vinna með nál og þráð.</p> <p>Nemendur læra útsaumssporið krosssaum og sauma útsaumsmynd.</p> <p>Vefnaðarverkefni nemendur vefa í hring á pappaspjald og búa til bolta.</p> <p>Þurrþæfing með þæfingarnál, nemendur þæfa púðaborð/ mynd á púða, sníða púðann og sauma saman í saumavél.</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</p>	<p>Púðaverkefni - nemendur teikna mynd eftir eigin hugmynd, yfirfæra á filtefni, þurrþæfa með ullarkembu inn í myndina og skreyta með tölum.</p> <p>Útssaumsmynd – nemendur sauma út kisu með krosssaumi í java og nota til þess perlugarn að eigin litavali.</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

Menning og umhverfi	-sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	Nemendur læra um íslensku ullina og eiginleika hennar. Vefnaðarverkefni bolti- ofið er úr garnafgöngum	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			